

5×6 lbs. í skel garndreginn:

7—15	\$ 4.45	pr. lb.	Cif. U.S.A.
15—30	\$ 3.46	— — —	—
30—45	\$ 2.48	— — —	—

5×3 kg í skel með görn:

7—15	Lire 2.300	pr. lb.	Cif. Milano.
10—20	Lire 2.300	— — —	—
15—30	Lire 1.710	— — —	—
20—35	Lire 1.710	— — —	—
30—40	Lire 1.250	— — —	—
30—45	Lire 1.250	— — —	—
35—60	Lire 975	— — —	—
45—60	Lire 975	— — —	—

Viðmunarverð er miðað við viðskiptagengi krónu gagnvart Bandaríkjadollar 25. maí 1974 (\$ 1 = 92.80).

Verðbil verður 6%, er miðast bæði við verðhækkun og verðlækkun. Greiðslur í sjóðinn eða úr honum miðast við 50% verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu eða frádregnu verðbili.

Sjávarútvegsráðuneytið, 24. júní 1974.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Gylfi Þórðarson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 202 11. sept. 1970, með síðari breytingum,
um lánveitingar úr Byggingarsjóði ríkisins.

1. gr.

4. gr. 1. mgr. orðist svo:

Lánsfjárhæðin má nema allt að kr. 1 060 000.00 á hverja íbúð, sem hafin er smíði á eftir 31. desember 1973, þó ekki hærri fjárhæð en nemur $\frac{3}{4}$ hlutum verðmætis íbúðar skv. mati matsmanna veðdeildar Landsbanka Íslands eða dómkvaddra matsmanna. Húsnæðismálastjórn getur, að fengnu samþykki ráðherra, árlega breytt lánsfjárhæð þessari til samræmis við breytingar á vísitölu byggingarkostnaðar og skal miða við vísitölu eins og hún er 1. nóvember viðmiðunarárið.

Reglugerð þessi staðfestist hér með skv. lögum nr. 30 12. maí 1970 sbr. lög nr. 58/1973 um Húsnæðismálastofnun ríkisins, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 26. júní 1974.

Magnús T. Ólafsson.

Guðmundur Karl Jónsson.